

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Hvamms í Skorradalshreppi.

Hreppsnefnd Skorradalshrepps samþykkti þann 11. mars 2020 breytingu á eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Fristundabyggð í Hvammsskógi neðri.*

Breytingin felur í sér breytta legu vegar að bátaskýlasvæði. Vegurinn er færður norður fyrir bátaskýlalóðirnar Viðihvamm 2 og 4.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. hreppsnefndar Skorradalshrepps, 20. mars 2020,*

**Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir** skipulagsfulltrúi.